





Gunnlaugur St. Gíslason: Bjart veður



Jón Reykdal: Náttúrumaður.

Haustsýning '77



Ólafur Kvaran
skrifar um
myndlist

Þessa dagana stendur yfir að Kjarvalsstöðum haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna. Alls sýna þar 42 listamenn 124 verk. Heiðursgestur sýningarinnar er að þessu sinni Guðmundur Benediktsson myndhöggvari. Sýningunni lýkur í kvöld.

Haustsýning — til hvers?

Haustsýningar FIM er að jafnaði beðið með nokkurri eftirvæntingu, því ef vel hefur tekist til með þátttöku og val verka má þar fá samandreginn allgóðan þverskurð af því áhugaverðasta, sem unnið er af myndlist þessa stundina. Fyrir listáhugafólk er þetta því kærkominn vettvangur til yfirlits og samanburðar og fyrir félaga FIM mætti álita að haustsýningin væri af nokkru mikilvægi, til að sýna styrkleika félagsins sem heild og listræna reisin. En ef hugað er að þeirri staðreynd hve lítið brot félagsmanna FIM sér í rauninni ástæðu til að taka þátt í sýningunni, þá virðist sannarlega einhversstað-

ar vera pottur brotinn. Þetta áhugaleysi félagsmanna á sér eflaust fleiri skýringar en hér gefst rúm til að tiunda, en ein veigamikil ástæða er eflaust sú, að á síðustu árum hafa orðið til sýningarhópar listamanna (bæði innan og utan FIM), sem sýna saman árlega. Má í þessu sambandi minna á Septem-hópinn, Graffikfélagið, Gallerí Sólun Islandis og þá listamenn sem standa að Gallerí Súm. Þessar nýju aðstæður hafa tvímælalaust breytt nokkuð gildi haustsýningarinnar sem eftirsóknarverðs og jafnframt nauðsynlegs vettvangs.


Staðreyndin er einfaldlega sú, að haustsýningin gefur á engan hátt þverskurð af því sem unnið er af áhugaverðri myndlist í landinu, og það virðist vera gjörsamlega tilviljunarkennt hverjir sjá ástæðu til að víðra verk sín þar. Til að mæta þessu áhugaleysi fyrir sýningunni er valinn sá kostur, til að halda henni við lýði, að hengja upp til uppfyllingar alls konar föndurvinnu, sem á ekkert erindi á sýningu félags er litur á sig sem heildarsamtök alvarlega starfandi myndlistarmanna. Ef til vill mætti hugsa sér það já-

kvæða þróun ef fleiri sýningarhópar listamanna yrðu stofnaðir og FIM efndi þess í stað á þriggja eða fjögurra ára fresti til stórrar yfirlitssýningar, þar sem reynt væri á ýtarlegan hátt að lýsa stöðunni í íslenski myndlist. Það er sannarlega brýn þörf fyrir slíka sýningu.


Enda þótt haustsýningin '77 gefi í heild ekki ástæðu til mikillar umræðu né viðtækra ályktana þá getur engu að síður að líta nokkur athyglisverð verk eftir einstaka listamenn. Má nefna fingurðar og ljóðrænar graffikmyndir Þórðar Hall, og Jón Reykdal sýnir auk graffikverka völdugt olíumálverk, „Náttúrumaður“, þar sem hann sem oftast fjallar um sambýli manns og náttúru og gefur því efni óvænt gildi í tíma og rúmi. Gunnlaugur Gíslason velur sér fábrotin myndefnisbrot af húsagalli, maður eða gamlar skóflur undir vegg, sem hann af mikilli næmni gefur tærleika og hörku í raunsærri framsetningu sinni. Einar Þorláksson er liststerkari og frjálssari í byggingu verka sinna en áður og þau hafa á köflum naíviskar áherslur. Hringur Jóhannesson, Leifur Breiðfjörð, Örn Þorsteinsson og Asgerður Búadóttir sýna hér öll athyglisverð verk í sjálfu sér, þó þau e.t.v. bæti ekki svo miklu við fyrri afrek sín.

Heiðursgesturinn

Þegar á heildina er lítið eru það höggmyndir heiðursgests sýningarinnar, Guðmundar Benediktssonar, sem tvímælalaust vekja mesta athygli. Guðmundur Bene-



Guðmundur Benediktsson. Skúlpúr.



Guðmundur Benediktsson: Stuðlar

diktsson (f. 1920) var á sínum tíma nemandi Asmundar Sveinsonar, en hefur fram til þessa einungis haldið eina einkasýningu á verkum sínum og má eflaust um kenna að „hann er hlédrægur og frábitinn því að halda nafni sínu á lofti“, svo vitnað sé til orða Hjörleifs Sigurðssonar í inngangi sýningarskrár. Á sýningunni eru 10 verk eftir Guðmund, öll unnin í eir á árabílinu 1976-77. Þessum verkum má raunar skipta formrænt í tvö horn, og í báðum tilvikum markar hann sér þröngan bás, sem hann kannar af mikilli

hnitmiðun. Annars vegar glímir hann einkum við formrænt sambyli lóðréttra formstuðla, sem hann þjappar saman af mismunandi miklum hraða, stífir til eða mýkir. Í annan stað er þessi lóðréttri formstuðull lagður til hliðar og þess í stað mýkir hann alla formgerðina. Formin verða lifræni og þróttmiklar bylgjuhreyfingar í samsetningu bjúgforma setja megin mark. Að hafa dregið hér saman þetta úrtak úr list Guðmundar Benediktssonar var vel til fundið og sannarlega tímabært.